

Greiðsluhlutfall.

8. gr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir atvinnurekanda mánaðarlega hlutfall af launum hins fatlaða, sbr. 3. gr., gegn framvísun kvittana þar að lútandi og afriti af launaseðlum og tilskyldum gögnum sendum skattayfivöldum. Jafnframt gefur Tryggingastofnun ríkisins skattayfivöldum upplýsingar um endurgreidd vinnulaun til atvinnurekanda eftir hvert ár.

9. gr.

Auk fastra launa skal Tryggingastofnun ríkisins greiða atvinnurekanda sama hlutfall og að ofan greinir af öllum launatengdum gjöldum, sem atvinnurekandi greiðir vegna starfsmannsins. Verði um vaktaálag að ræða, bónusgreiðslur eða yfirvinnu, kemur það ekki til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins nema í sérstökum undantekningatilvikum, sem metin eru af fulltrúa lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Umsjónaraðili.

10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tilnefnir umsjónaraðila, t.d. úr röðum samráðsaðila, sbr. 1. gr., sveitarstjórna eða stéttarféлага, og gerir við hann samning. Umsjónaraðili getur jafnframt verið sá sami og hafði milligöngu um gerð vinnusamningsins.

Hlutverk umsjónaraðila felst fyrst og fremst í því að fylgjast með hvernig hinum fatlaða vegnar í starfinu, koma til aðstoðar ef eitthvað þjatar á og vera tengiliður hans gagnvart öðrum sammingsaðilum.

Tryggingastofnun ríkisins skal hafa samráð við umsjónaraðila varðandi eftirlit og endurnýjun vinnusamnings. Heimilt er að greiða þóknun fyrir starf umsjónaraðila.

Eftirlit og heimildir.

11. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast þegar gildi. Reglugerð þessa skal endurskoða einu ári eftir gildistöku hennar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. febrúar 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 160

24. febrúar 1995

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 341/1994
um veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort)
með breytingu nr. 400/1994.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:
Skotvopnaleyfi gilda sem veiðikort og sérstök veiðikort (hlunnindakort) til og með 31. maí 1995. Veiðikort skulu á þessum tíma vera frí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með ofangreindum gildistíma.

Umhverfissráðuneytið, 24. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

28. febrúar 1995

Nr. 161

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,15 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látta, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,05 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 29,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.105,00 á mánuði. Batar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.030,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.